



Óttar Pálsson

Viðskipti | mbl.is | 18.3.2009 | 15:23

## **Skipaður forstjóri Straums**

Óttar Pálsson hefur verið skipaður forstjóri Straums-Burðarás fjárfestingabanka hf. frá og með deginum í dag. William Fall sagði af sér sem forstjóri Straum þann 9. mars sl. þegar Fjármálaeftirlitið Straum-Burðarás yfir og vék félagsstjórn í heild sinni frá störfum. Óttar var áður framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Straums.

Í gærkvöldi birti Fjármálaeftirlitið ákvörðun um að innlán sem voru í höfuðstöðvum Straums myndu færast til Íslandsbanka og gefur Straumur út sérstakt skuldabréf sem endurgjald fyrir hin yfirteknu innlán og er það tryggt með veði í öllum eignum Straums. Heildarfjárhæð innlána hjá Straumi nam 70 milljörðum. Íslandsbanki mun þó ekki yfirtaka þau innlán sem stofnað var til þegar skuldabréfum var breytt í innlán. Í ákvörðun FME kemur fram að „talsverður hluti“ innlána hjá Straumi hafi orðið til með þessum hætti.